

Reglugerð varðandi félagaskipti og keppnisleyfi.

- Tilkynningu um félagaskipti skal senda í tölvupósti til TKÍ (tki@tki.is) þar sem fram kemur nafn og kennitala þess sem félagaskipta óskar, nafn félags sem hann gengur úr og nafn félags sem hann gengur í.
- Til að félagaskipti geti átt sér stað þarf viðkomandi að vera skuldlaus við við félag sitt.
- Félagaskipti virkra taekwondoíðkenda 16 ára og eldri taka gildi á tímabilinu 1 júní til 15 október og frá 1 desember til 31 desember ár hvert (félagaskipta gluggi Taekwondosambands Íslands). (sjá 1.)
- Félagaskipti 15 ára og yngri og þeirra sem hafa ekki verið virkir iðkendur í eitt ár eða lengur tekur gildi um leið og tilkynning hefur borist. (sjá 1.)
- TKÍ áskilur sér rétt til að rannsaka ástæður félagaskiptanna ef þær þykja óeðlilegar og meta hvort farið er að reglum sambandsins.
- Allar tilkynningar um félagaskipti eru geymdar í möppu á skrifstofu TKÍ.
- Eingöngu þeir sem hafa fengið útgefið keppnisleyfi af hálfu TKÍ geta keppt á mótum sem haldin eru á vegum TKÍ
- Keppnisleyfi er eingöngu gefið út til iðkenda félaga sem eru skuldlaus við TKÍ og með rétt uppfærðar upplýsingar í Felix.

- (1.) Þó skal á það benda að til að geta fengi útgefið keppnisleyfi á Íslandsmeistaramótum þá skal viðkomandi hafa verið skráður iðkandi í félag, í það minnsta einn mánuð fyrir mót, sem er í samræmi við gildandi lög ÍSÍ um Íslandsmeistaramót.